



31. stjórnarfundur LH

3. September 2018 kl. 18:00 í Þróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga Björg Helgadóttir ritari, Ólafur Þórisson gjaldkeri og Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn, Sóley Margeirsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Stefán G. Ámannsson og Rúnar Bragason úr varastjórn. **Fjarverandi:** Eyþór Gíslason og Andrea Þorvaldsdóttir úr aðalstjórn og Magnús Benediktson úr varastjórn.

Formaður setti fundinn og stýrði fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð 29. samþykkt og fundargerð 30. samþykkt með áorðnum breytingum.

2. Tillaga frá millipinganefnd

Tillagan kynnt og rædd, umræður um lög LH sem stangast á við FEIF reglur. Rætt um að senda inn tillögu um að umorða grein 8.3.5 varðandi tímatöku svo hún stangist ekki á við tillögu millipinganefndar. Vísað til keppnisnefndar að umorða grein 8.3.5.

3. Tillögur frá stjórn

Rætt um að félagsgjaldið hefur ekki verið hækkað undanfarin landsþing. Umræður um að gjaldið þurfi að hækka í samræmi við vísitölu og verðbólgu. Óþ leggur til að hækka gjaldið en það þurfi ekki að eyrnamerkja hækkunina ákveðnu verkefni en það megi benda á að með hækkuninni felist meðal annars aukin þjónusta í WorldFeng með aðgangi að myndefni frá landsmótum. Ákveðið var að gera tillögu frá stjórn um að hækka félagsgjaldið í 1750kr. og gera aðra tillögu frá stjórn um að framlengja skattinn 300kr á hvern félagsmann fyrir HOI verkefnið. LÁH tók að sér að skrifa tillögurnar.

4. Önnur mál varðandi þingið

a) Heiðranir: Ákveðið var að fela LÁH og JDB að fara yfir tillögur um tilnefningar til heiðrana bæði fyrir landsþing og Uppskeruhátíð. II og AP falið að kanna hverjir komi til greina fyrir norðan til að heiða á landsþingi.

b) kynning á Felix: Ekki talið líklegt að það gefist tími til þess á þinginu, stjórn vill í staðinn senda ábendingu til ÍSÍ um að halda fara annan hring um landið með kynningu á Felix.

5. Valnefndartillaga

Rætt um tillögu sem nefnd um endurskoðun á greinargerð fyrir valnefnd lögðu til. HBH leggur til að nefndin setji skýrar fram hvar tillagan komi inn í greinargerðina og verði svo lögð aftur fyrir stjórn. Rætt um orðalag og trúnað.



6. Íslandsmet

Stjórn samþykkir eftirfarandi Íslandsmet sem slegin voru í 250m skeiði á árinu.

- 21,30 Árni Björn Pálsson / Dalvar frá Horni I (IS2006177274) 6.júlí 2018, LM2018
- 21,16 Sigurbjörn Bárðason / Vökull frá Tunguhálsi II (IS2008157895) 6.júlí 2018, LM2018
- 21,15 Konráð Valur Sveinsson / Kjarkur frá Árbæjarhjáleigu II (IS2006186758)

7. Önnur mál

- a) **Saga LH** – Því var beint til nýrrar stjórnar eftir landsþing að skoða það að skrifa sögu LH á 70 ára afmælisári LH 2019.
- b) **Sprettur, ferðir á HM** – Umræður um tengls MB sem framkvæmdarstjóri Spretts og skipuleggjanda þessara ferða og að hann sitji í varastjórn LH og í landsliðsnefnd LH. Ákveðið var að beina þessu til landsliðsnefndar að ræða og að kynna hinum almenna hestamanni samstarf Vita við landsliðsnefndina.
- c) **Uppskeruhátíð** – Starfsmönnum skrifstofu falið að halda utan um undirbúning Uppskeruhátíðar og fulltrúi stjórnar í valnefnd var valinn.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 21:00.
Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir.*